

Gleðileg jól

*Starfsfólk Dagskrárinnar færir
lesendum sínum hugheilar þakkir fyrir
samfylgdina á árinu, með ósk um
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.*



„Eiffelturninn“ á Hvalsvelli

Aðkoman á Hvalsvöll þessa aðventuna er einstaklega jólaleg og hefur eflaust mikið með það að gera að 45 metra símamastrið, sem flestum sem hafa farið um Hvalsvöll er eflaust kunnugt um, hefur verið fagurlega skreytt með rúmlega kílómetri af blikkandi jóla-seríum.

Þegar Árni Árnason gerði þátt um Hvalsvöll fyrir sjónvarpsstöðina N4 nefndi hann að það væri snjallt að skreyta mastrið. Þóra Björg Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður skipu-

lagsfulltrúa, greip hann á orðinu og eftir að fá leyfi og styrk frá Mílu fyrir verkefninu var hafist handa.

Að sjálfsögðu er það ekki í höndum hvers sem er að hanga utan á mastrið til að setja upp ljósin en sveitarfélagið samdi við Björgunarsveitina Dagrenningu um uppsetningu. Björgunarsveitarfólkinu féll ekki verk úr hendi frekar en fyrri daginn og unnu hörðum höndum að því að klára verkið á ótrúlega stuttum tíma.

HGL

Allar óskir um jólasnjó voru uppfylltar samtímis

Engum hefur dulist sú mikla snjó- og óveðurstíð sem hefur herjað á Sunnlendinga síðustu vikuna. Fjöldahjálparmiðstöðvar voru opnaðar á Hellu, Selfossi og Þorlákshöfn á laugardagskvöld þar sem strandarglópar gátu leitað skjóls, en fjöldi fólks sat fastur víðsvegar um Suðurland í ljósi þess að vegir lokuðust skyndilega eftir að snjóá tók á föstudagskvöld. Það tók ekki meira en tæplega þrjár klukkustundir eftir að fyrstu snjókorn vetrarins féllu, fyrir Hellisheiði og Þrengsli að loka vegna fjölda bíla sem sátu fastir í þungum snjónum. Þegar leið á nóttina var flestum vegum um Suðurland lokað vegna ófærðar og stóðu lok-

anir sumstaðar fram á sunnudagsmorgun, en ferðalangar sátu sumir hverjir fastir klukkustundum saman á leið sinni austur úr Reykjavík. Metúrkoma var á Selfossi á föstudagskvöld, þar sem sumstaðar mældist yfir 60 cm af jafnföllnum snjó, svo það virðist sem allar óskir Sunnlendinga um jólasnjó hafi verið uppfylltar samtímis.

Skólahald féll niður í nokkrum skólum á mánudag og þriðjudag vegna óveðurs. Jóláböll, tónleikar, vettvangsferðir og skólaakstur féll víða niður og björgunarsveitir og lögregla hvöttu fólk til þess að halda sig heima sökum afleits ferðaveðurs.

HGL



Mikill snjöpungi á Selfossi. Mynd: Dagskráin/HGL

*Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.*



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Bókatíðindin þást hjá okkur — ókeypis!



UPPLESTRARKVÖLDIN VINSÆLU HEFJAST 1. DES.

AUSTURVEGI 22, SELFOSSI  **Bókakaffið**




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Starfsfólk Fagforms óskar ykkar
Gledilegra Jóna og farsældar á
nýju ári
Fólk fyrir viðskiptin á hinum árinum



FAGFORM



Sendum hugheilar óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum samstarfið
og stuðninginn á árinu.

Sigurður Ingi, Jóhann Friðrik & Hafdis Hrönn
Þingmenn Framsóknar í Suðurlandshöfðum



Skötuveisla á Hótel Grímsborgum

Hæð hefur skapast fyrir því að haldin sé skötuveisla á Hótel Grímsborgum ár hvert, á Þorláksmessu frá kl 11:00 – 15:00. Í ár verður engin undantekning þar á og boðið verður upp á glæsilegt skötuþlaðborð með öllu tilheyrandi. Á boðstólum verða meðal annars tvær tegundir af skötu, saltfiskur, ljúffengt úrval af meðlæti ásamt eftirréttum.

Það verður sannkölluð hátíðarstemning á Þorláksmessu í notalegu og friðsælu umhverfi Hótel Grímsborga. Hótelid er staðsett í Grímsnesi sem er aðeins í 15 mín. akstursfjarlægð frá Selfossi.

Bókanir fara fram hjá Hótel Grímsborgum á og Dineout.



Ratleikur um Árnessýslu

Listasafn Árnesinga hefur lúlega lokið við að setja saman skemmtilegan og fróðlegan ratleik sem má finna á heimasíðu listasafnsins. Markmið ratleiksins er að vekja athygli á þeim útilistaverkum (listaverk í opinberum rýmum) sem má finna víða í Árnessýslu. Á heimasíðu safnsins er kort þar sem hægt er að sjá staðsetningar verkanna sem eru nú 10 talsins og má lesa sig til um listaverkin, listamennina sjálfa og ólík hugtök tengd verkunum. Verkin eru af ýmsum toga, má nefna minnisvarða, skúlptúra, steinda glugga og mósaík verk. Höfundar verkanna eru einir þekktustu listamenn þjóðarinnar m.a. Ásmundur Sveinsson, Einar Jónsson og Gerður Helgadóttir. Listaverkin sem um ræðir er hálfgerður falinn fjársjóður sem brýnt er að minna á, fræðast um og hafa gaman af í leiðinni.

Ratleikurinn hentar öllum aldri og á síðunni er hægt að skoða ýmsar hugleiðingar og hugmyndir tengd verkunum. Tilvalið er að gera sér dagamun



og fara í sunnudagsbíltúr um sýsluna og finna öll verkin og lesa sér til um þau. Ratleikurinn er til á bæði íslensku og ensku.

Ratleikinn má finna á vefslóðinni https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/la-art-museum-map_game/ og á ensku á <https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/la-art-museum-map->

game_en/

Starfsmenn LÁ óska einnig eftir frekari upplýsingum eða lagfæringum ef þess þarf þar sem að verkefnið er enn í mótn og vonandi bætast fleiri listaverk í opinberum rýmum við í framtíðinni.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti verkefnið.

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands

Það var sérlega ánægjulegt að hlýða á jólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands þann 10. desember í Selfosskirkju. Þar mátti heyra leik sinfóníuhljómsveitarinnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar, ásamt söng þriggja kóra Selfosskirkju (barna-, unglinga- og kirkjukórs) og einsöngvaranna Eyjólfss Eyjólfssonar og Hallveigar Rúnarsdóttur. Flutningur var vandaður og fagmennska og orka skein alls staðar í gegn. Á dagskrá voru jólalög úr ýmsum áttum, fjöldi þeirra í nýjum útsetningum Guðmundar Óla.

„Það var með miklu stolti sem ég hlýddi á tónleikana og ekki af ástæðulausu, því stjórnandi hljómsveitarinnar, kórstjórnarnir Edit og Kolbrún og helmingur hljófæraleikaranna eru kennarar og nemendur við Tónlistarskóla Árnesinga. Aðrir flytjendur komu víða að af Suðurlandi, allt frá Höfn í Hornafirði til höfuðborgarsvæðisins og lögðu því á sig talsverð ferðalög til að mæta á æfingar og tónleika. Takk Guðmundur Óli og Margrét Blöndal fyrir að yta Sinfóníuhljómsveit Suðurlands úr vör og beisla með því þann mikla



mannauð sem býr í sunnlensku tónlistarfólki! Stofnun hljómsveitarinnar er gríðarleg lyftistöng fyrir menningarlíf á Suðurlandi, eykur fjölbreytni í tónlistarflórinni bæði fyrir flytjendur og áheyrendur og gerir starf tónlistarskólanna enn sýnilegra,“ sagði Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga.

Hafðu það mjúkt um jólin

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu. Hlökkum til að taka á móti ykkur á nýju ári.

Lindex á Íslandi



LINDEX



Fólk skemmti sér vel á jólatónleikum Jórúksins. Mynd: Dagskráin/BRV

Full Hveragerðiskirkja á jólatónleikum Jórúksins

Það var hátíðleg stemning á kósýkvöldi í Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 7. desember síðastliðinn þegar Jórúksinn hélt sína fyrstu tónleika síðan í desember 2019. Það var góð mæting og söng kórinn fyrir fullri kirkju undir stjórn Unnar Birnu Bassadóttur og undirleik Sigurðar Helga Oddssonar. Dagskráin var í senn létt og skemmtileg í bland við hátíðleg jólalög. Einsöngvarar

komu allir úr röðum kórsins en það voru þær Sabine Bernholt, Sigrún Vala Vilmundardóttir og Valgerður Jónsdóttir.

Kórinn er að ná sér á strík aftur eftir Covid-hlé og er nú farin að æfa á fullum krafti fyrir kvennakóra mót sem stefnt er að í vor. Æfingar eru á Selfossi á miðvikudögum kl. 20 í sal Tónlistarskóla Árnesinga á efstu hæð skólans og hefjast aftur á nýju ári þann 4. janúar. Það eru

engar raddprufur og fyrstu tvær æfingarnar verða opnar æfingar. Hvetur kórinn sem flestar konur, sem gætu haft áhuga á að syngja í kór, að mæta og prófa.

Konukvöld á nýju ári

Konukvöld Jórúksins veður haldið þann 9. feb. á Risinu. Þar munu þær flytja létt og fjörug lög, vera með happdrætti og stanslaus gleði! Nánari upplýsingar um konukvöldið síðar.

Vel sóttur íbúafundur í Þorlákshöfn

Geo Salmo hélt íbúafund í Ráðhúsi Ölfus í Þorlákshöfn miðvikudaginn 14. desember sl. þar sem fyrirtækið kynnti áform sín um uppbyggingu fiskeldis á landi vestan við Þorlákshöfn. Tilgangur fundarins var að kynna helstu efnisatriði úr umhverfismatsskýrslu sem fyrirtækið hefur lagt fram auk þess að kynna fyrirtækið og áætlanir þess á næstu árum. Jens Þórðarson framkvæmdastjóri Geo Salmo hélt kynningu fyrir hönd fyrirtækisins og var fundurinn vel sóttur og góðar umræður sköpuðust. Starfsfólk Geo Salmo var á staðnum og gátu fundagestir rætt við þau í lok fundarins.

Markmið fyrirtækisins er að framlaiða hágæða lax á landi á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Stefnt er að því í framlaiðslunni að endurnýta vatn og varma, nota affall og næringar efni ásamt því að nýta hliðarafurðir eins og kostur er og þannig taka mið af hringrásarhagkerfinu.

Geo Salmo hefur nú lagt fram umhverfismatsskýrslu um allt að 24.000 tonna fiskeldi á landi og verður framkvæmdinni skipt í tvo áfanga. Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn um framkvæmdina og umhverfismat hennar. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 24. janúar 2023 til Skipulagsstofnunar. Hægt verður að nálgast umsagnir og athugasemdir sem berast um skýrsluna þegar kynningartíma er lokið og brugðist hefur verið við ábendingum.

„Við leggjum áherslu á að eiga í góðu samtal við íbúa og hagsmunaaðila á staðnum og erum þakklát fyrir góðar mót-tökur og velvild sem okkur hefur verið sýnd. Við vorum virkilega ánægð með íbúafundinn. Íbúar eru áhugasamir um áform fyrirtækisins og sveitarfélagið Ölfus hefur einnig sýnt áætlunum okkar mikinn áhuga. Samstarfssamningur við norska fyrirtækið Artec-Aqua er mikilvægur fyrir verkefnið þar sem



þau hafa reynslu af því að byggja fiskeldisstöðvar á landi í Noregi sem getið hafa sér gott orð fyrir góðan árangur. Ég er auk þess mjög ánægður með það starfsfólk sem gengið hefur til liðs við okkur á undanförunum mánuðum – þar er fólk með reynslu úr fiskeldi og öðrum greinum sem mun nýtast Geo Salmo vel. Núna erum við að vinna að nauðsynlegum leyfisumsóknum, samningagerð, fjármögnun og öðrum undirbúningi. Sú vinna gengur vel og við erum bjartsýn á framtíðina,“ segir Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri Geo Salmo.



Sigurbjörg Halla Sigurjónsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Hér færi ég ykkur eftirlætisrétt fjölskyldunnar sem bregst aldrei.

Kjúklingalæri í doritos raspi með kartöflubátum, rófum og ostasósu

1 bakki úrbeinuð kjúklingalæri
2 pokar svartur doritos
2 egg
Hveiti
500 g kartöflur
1 meðalstór rófa
1 bakki beikon
Sítróna
Smjör
Salt og pipar

Sósa

½ l rjómi
½ piparostur
½ villisveppaostur
Dass af fljótandi kjúklinga-krafti

Hellið rjómanum í pott og hitið upp að suðu.

Rífið ½ piparost og ½ villisveppaost úti og látið malla á miðlungs hita þar til osturinn hefur bráðnað.

Slettið dass af fljótandi kjúklingakrafti úti sósuna og kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Skerið kartöflurnar í báta og rófunu í bita og steikið á mið-



Mig langar til að skora á matgæðinginn hana systur mína, Rögnu Valdísi Sigurjónsdóttur að koma með einhverja snilld úr sínu eldhúsi í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



ungs hita á pönnu í u.þ.b. 20 mín. eða þar til þær eru vel brúnaðar að utan.

Færið kartöflu og rófu blönduna í eldfast mót og sullið einni ausu af sósunni yfir.

Leggið beikon sneiðar á bökunarpappír og eldið í ofni við 230°C í u.þ.b. 10 mínútur á undir og yfir hita eða þar til það er miðlungs stökkt.

Skerið beikonið í bita og stráið yfir kartöflurnar. Skellið kartöflu og rófu blöndunni inn í ofn og bakið í 30-40 mínútur við 200°C á undir og yfir hita.

Skerið kjúklingalærin í tvennt.

Setjið hveiti í skál. Pískið egg í skál og myljið doritos niður svo það verði eins og fínn raspur (best að mylja það í pokanum) og hellið í skál. Veltið kjúklingnum fyrst uppúr hveiti, næst er hann baðaður í egginu og síðast velt uppúr doritos.

Setjið vel af smjöri á pönnu og brúnið kjúklinginn að utan í u.þ.b. 1-2 mín. á hvorri hlið. Bætið við smjöri eftir þörfum.

Færið kjúklinginn í eldfast mót og setjið nokkrar smjörklípur hér og þar. Bakið í ofni þar til hann er fullleddaður eða í u.þ.b. 15-20 mínútur.

Berið kjúklinginn fram með fersku salati, kartöflubátum og rófum og ostasósunni. Kreistið sítrónusafa yfir kjúklinginn eftir smekk.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Á gömlu tóli handfang hann,
heyrir undir Drottins þjón.
Á þorra gleður margan mann,
Mínus einn er bóndans tjón.

Svar við gátu í blaði 2679: TAPPI
1. Tappi í flösku - 2. Kýrsteni
3. Blóðtappi



RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOSSEO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFÖSS



Pacta.

Njótum aðventunnar

Við hjá Pacta óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hátíðarkveðjur,
Starfsfólk Pacta

● ● ● **Pacta** / pacta.is

Hátíðarkveðjur

Við sendum viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum, sem og landsmönnum öllum, bestu kveðjur yfir hátíðarnar. Takk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Motus

 motus

motus.is



BÆKUR BJÖRNS RÚRIKSSONAR

FLOGIÐ AFTUR Í TÍMANN

Forvitnileg og stórskemmtileg bók um allar byggðir á Suður- og Suðvesturlandi. Víða eru sömu svæði skoðuð og borin saman, nú og fyrir hartnær hálfri öld.

Einnig eru mjög fallegir kaflar um náttúruna, sérstaklega um dramatíska hörfun jökla á Suðurlandi um sama árabíl.

Verð 6.900 kr.

ICELAND FROM ABOVE

Lítill bók með sama efni á ensku.
Verð 1.990 kr.

YFIR ÍSLANDI

Þessi glæsilega og klassíska bók fjallar um furður náttúrunnar á öllu landinu og jarðfræðileg og landfræðileg undir þess. Bókin er afrakstur 700.000 km ljósmyndaflugs - sem er heil tunglferð fram og til baka!

Verð 4.990 kr.

SÖLUSTAÐIR Á SUÐURLANDI

Verslun Fóðurböndunnar á Selfossi (gegnt Mjólkurbúinu við Austurveg),
Verslanir Pennans / Eymundssonar á Selfossi og um land allt.

JARÐSÝN BÓKAÚTGÁFA, SELFOSSI

Nýr aðstoðardeildarstjóri á lyflækningadeild Selfoss

Guðríður Ester Geirsdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðardeildarstjóri á Lyflækningadeildinni á Selfossi en hún tekur við starfinu af Sigrúniínu Ásbergsdóttur þann 2. janúar 2023.

Guðríður er vel að starfinu komin, hefur hún starfað á deildinni síðan júní 2018 en hafði þar áður verið á Fosshéim og Ljósheimum en einnig starfað á Kumberavogi til margra ára.

Guðríður kláraði B.S. í hjúkrunarfræði vorið 2018 og meistaranám í hjúkrunarstjórnun með áherslu á forystu og frumkvöðlastarf, en þar áður hafði hún einnig lokið við B.A. próf

í mannfræði og meistaragráðu í umhverfis- og auðlindafræði.



FSu er orðinn UNESCO-skóli

Fjölbautaskóli Suðurlands er orðinn UNESCO-skóli. Alls eru UNESCO-skólar á Íslandi því orðnir 17 talsins, einn leikskóli, sex grunnskólar og tíu framhaldsskólar. FSu hefur verið með sérstaka áfanga í boði um heimsmarkmiðin sem allir nýnemar skólans verða að taka. Á haustönn er um að ræða áfanga sem snýr að félagslegu heimsmarkmiðunum og á komandi vorönn verður kenndur áfangi sem snýr að umhverfismálum.

Kristrún María Heiðberg, verkefnastjóri UNESCO-skóla

hélt fyrirlestur um heimsmarkmiðin fyrir nemendur skólans ásamt því að funda með stjórnendum og starfsfólki skólans um UNESCO-skóla. Í kjölfarið var ákveðið að sækja um UNESCO aðild. Leiðandi kennari í FSu í þessum efni er Ragnheiður Eiríksdóttir. UNESCO-skólar er eitt elsta skólanet í heimi, starfrækt frá árinu 1953. Skólarnir eru nú um 12.000 talsins og starfa í yfir 180 löndum um allan heim. UNESCO-skólar leggja áherslu á heimsmarkmiðin, starfsemi SÞ, alþjóðasamvinnu og frið og mannréttindi.

LEIKSKÓLINN ÁLFABORG

LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

HELSTU VERKEFNI:

- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf

MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir leikskólakennara í 100% stöðu. Einnig kemur til greina að ráða leikskólakennara í hlutastarf. Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR
LIESELOT SIMOEN LEIKSKÓLASTJÓRI
Í SIMA 480-3051.

UMSÓKNAR-
FRESTUR
8. JANÚAR
2023

UMSÓKNIR SENDAST Á NETFANGID:
ALFABORG@ALFABORGLEIKSKOLI.IS



Nemendahópur í áfanganum ERGÓ þar sem fjallað er um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni.

Jóla ljósaslóð á Úlfljótssvatni

Annar sunnudag í aðventu bauð Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótssvatni upp á Jóla ljósaslóð. Þar var boðið upp lítið ævintýraland í upplýstum jóla skóginum þar sem farið var í leiki og grillaðir sykurpúðar. Þá var einnig í boði að sitja við varðeldinn, hlusta á jólatónlist

og drekka kakó.

Þátttaka var mjög góð og voru um hundrað manns mætt til þess að vera saman í skóginum þetta milda og jólalega síðdegi. Vonir standa til um að þessi notalega stund verði endurtekin að ári.



REKSTUR OG VIÐHALD

Skelltu þér til okkar við Sogið!

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði, þar sem við rekum þrjár vatnsaflsstöðvar: Írafossstöð, Ljósafossstöð og Steingrímsstöð.

Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

Hæfni og þekking:

- Menntun á vélasviði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á loftkerfum, teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 3. janúar

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Fyrirspurnir má senda á
mannaudur@landsvirkjun.is



KÓSÍ UM JÓLIN
20-40%
 AF VÖLDUM VÖRUM

20%



BRAY Borðstofustóll
 24.900 kr. Nú 19.900 kr.

20%



FOCUS Hliðarborð Ø50cm
 69.900 kr. Nú 55.900 kr.

25%



SICILIA 3ja sæta sófi H82 x B94 x L196cm
 159.900 kr. Nú 119.900 kr.

20%



CINDY Skemill Ø100cm
 64.900 kr. Nú 51.900 kr.

20%



TIMON Borðstofustóll
 8.900 kr. Nú 7.100 kr.

40%



Hnotubrjótar, verð frá
 1.794kr. með afslætti

20%



VISBY Hár skápur 180cm
 149.900 kr. Nú 119.900 kr.

30%



RIA 2ja sæta sófi H79 x B83 x L152cm
 109.900 kr. Nú 76.900 kr.

20%



RICHMOND Sófaborð Ø90cm
 54.900 kr. Nú 43.900 kr.

Gleðileg jól

og takk fyrir viðskiptin á árinu
 sem er að líða.

ILVA Selfossi, Austurvegur 69

Lengdur opnunartími til jóla - sjá nánar á www.ilva.is

ILVA

**VELLÍÐAN
ER BESTA
GJÖFIN**

Opnunartímar í Lyfju
yfir hátíðirnar

23.des	09:00-20:00
24.des	10:00-12:00
25.des	lokað
26.des	lokað
31.des	10:00-12:00
1.jan	lokað



 Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

**Jólaball Kvenfélagsins
á Eyrarbakka**

verður haldið á Stað Eyrarbakka
27. desember og hefst kl. 17:00

Nefndin

Nettó styrkir Sjóðinn góða og fleiri góðgerðarfélag

Árleg úthlutun jólastyrkja Nettó fór fram í síðustu viku, þar sem styrkir voru veittir til góðgerðarfélaga um allt land. Meðal þeirra sem hljóta styrki eru Sjóðurinn góði á Suðurlandi. Nettó hefur veitt jólastyrki um árabíl og hefur fyrir löngu skapast sú hefð að styðja við efnaminni fjölskyldur á Íslandi með þessu hætti í aðdraganda jóla.

„Við finnum sterkt fyrir því að svona styrkir skipta gífurlegu máli. Nettó hefur lagt ríka áherslu á að leggja sitt á vogar skálarnar til að styðja við þau

sem á þurfa að halda í kringum hátíðarnar um allt land og í ár var engin breyting gerð þar á,” segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðsstjóri Nettó.

„Verslunarstjórar víðsvegar um landið munu sjá um að útteila kortum til hjálparstofnanna í hverju nærsamfélagi fyrir sig. Það var ákaflega góð tilfinning að koma kortunum í hendur þessara stjórnenda sem sinna jafn óeigingjörnu starfi og raun ber vitni og vita að kortin munu sannarlega koma sér vel hjá fjölskyldum um allt land,” bætti Ingibjörg við.



Jóla- og góðgerðardagur

Þann 16. desember síðastliðinn var Frístundaheimilið Bifröst við Vallaskóla með jóla- og góðgerðardegi þar sem börn frístundarheimilisins voru með opið hús fyrir foreldra. Foreldrar komu og fengu að skoða húsnaðið ásamt því að búinn var til sölubás þar sem starfsmenn og börn voru með til sölu ýmsan varning sem þau höfðu verið að búa til síðustu vikur. Þar má nefna sjálfsmyndir á striga, perl, lyklakippur, jólakort með listaverki frá börnum og miða á frumsamið leikrit sem var búið

til í leiklistarklúbbi Bifrastar.

Frístundaheimilið Bifröst er með margs konar klúbba og smiður ásamt því að byggja starfseminu að miklu leyti á barnalýðræði og afkrastur þess sýndi sig og sannaði sig svo sannarlega.

Ásamt því að vera með sölubás þá var í boði að mála piparkök, gæða sér á smákökum og konfekt og skola því niður með kaffi eða kakói.

Tekið var við frjálsum framlögum fyrir listaverk barnanna þar sem allur ágóði rennur til

styrktar Barnaheilla. Bifröst vildi styrkja Barnaheill þar sem við, ásamt öðrum frístundaheimilum Árborgar innleiddum nýlega Vináttuverkefnið Blæ sem er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti.

Þessi dagur heppnaðist betur en við þörðum að vona og það söfnuðust rúmlega 40 þúsund krónur.

Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna.

*Hátíðarkveður
Starfsmenn Bifrastar*



Mannamót – styrkir tengsl og eykur þekkingu

Árið 2023 byrjar með trompi hjá Markaðsstofu Suðurlands en fimmtudaginn 19. janúar verða haldin Mannamót Markaðsstofa landshlutanna í Kórnum í Kópavogi. Mannamót hefur verið fjölmennasti viðburðurinn í íslenski ferðapjónustu undanfarin ár en þar hafa hátt í þúsund gestir mætt og sýnendur verið yfir 250. Sunnlensk ferðapjónusta hefur verið áberandi og hafa rótgróin fyrirtæki sem og þau sem eru að stíga sín fyrstu skref, og öll flóran þar á milli, mætt og sagt frá þjónustu sinni og vörurvali.

Við hjá Markaðsstofum landshlutana teljum og vitum að mikilvægt er að halda góðum tengslum við aðra í ferðapjónustu, bæði innan okkar svæðis og utan þess. Mannamót eru því frábært tækifæri fyrir ferðapjónustuaðila til sjá hvað aðrir eru að gera, kynna sér nýjungar og fá innblástur að góðum hugmyndum.

Á Mannamótum eru ferðapjónustuaðilar hvattir til að leggja áherslu á það sem er í boði yfir vetrartímann og vekja áhuga og þekkingu ferðaskrifstofa á því vörurvali og tæki-

færum í þjónustu og upplifun gesta sem felast í tímabilinu.

Markmið Mannamóta er að gera ferðapjónustunni á landsbyggðinni auðveldara fyrir að kynna þjónustu sína fyrir fólki í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Á viðburðinum gefst einstakt tækifæri til að hitta fólk frá öllum landshlutum og skapa vonandi góð viðskiptasambönd sem skila ferðamönnum allan ársins hring.

Innlendir ferðasöluaðilar eru fjölmennasti hópur gesta Mannamóta en þess má geta að áhugi erlendra ferðasöluaðila hefur aukist á hverju ári og eru reynslumeiri endursöluaðilar að verða fastagestir á viðburðinum.

Við hvetjum öll okkar sam-

starfsfyrirtæki til þess að skrá sig á Mannamót og sýna öðrum að við erum meira en tilbúin til að taka á móti gestum, segja þeim okkar sögu og sýna þeim hvers vegna við erum stolt af okkar svæði, náttúru og því sem ferðapjónustan býður upp á.

Samstarfsfyrirtækjum Markaðsstofu Suðurlands gefst kostur á að skrá sig á Mannamót og ég hvet þau öll að skrá sig í dag og taka þátt í þessum skemmtilega degi. Nánari upplýsingar má finna á www.markadsstofur.is

*Bestu hátíðarkveður
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir
Framkvæmdastjóri Markaðs-
stofu Suðurlands*



UMFÍ



UNGMENNABÚÐIR UMFÍ Á LAUGARVATNI

VIÐ LEITUM AÐ STARFSMANNI Í AFLEYSINGAR

FRÍSTUNDALEIÐBEINANDI

Við leitum að leiðbeinanda í 60 - 100% í tímabundið starf í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan janúar og starfað með okkur fram í apríl 2023.

Starf frístundaleiðbeinanda felur í sér að leiðbeina ungmennum á námskeiðum, hafa umsjón með dagskrá og samskipti við þá sem fylgja nemendahópum í Ungmennabúðunum. Krafa er um hreint sakavottorð og reynslu að starfa með ungmennum, vera reykluslaus og til fyrirmyndar. Menntun er ekki skilyrði en kostur er að viðkomandi hafi reynslu af starfi með börnum og ungmennum. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hressleiki er líka kostur.

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2023. Allar upplýsingar um starfið eru veittar í síma 568 2929 og svo má alltaf smella í póst á netfangið siggi@umfi.is. Umsóknir um starfið sendist á siggi@umfi.is.

ungmennabudir.is

Ungmennafélag Íslands / Engjavegi 6, 104 Reykjavík / 568 2929 / umfi@umfi.is / umfi.is

KÆRI NÁGRANNI! SENDUM ÞÉR OG ÞÍNUM BESTU ÓSKIR UM GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Afgreiðslutími um jól og áramót

Selfoss:

17. des.	10–18
18. des.	10–16
22. des.	9–20
23. des.	9–20
24. des.	9–12
25. des.	LOKAÐ
26. des.	LOKAÐ
31. des.	9–12
1. jan.	LOKAÐ

Hveragerði og Þorlákshöfn:

Lokað er 24., 25., 26., 31. desember og 1. janúar.
Aðra daga yfir hátíðarnar er opið eins og venjulega nema 27. desember og 2. janúar, þá opnum við kl. 10.

Austurvegi 3–5
Selfossi
Sími 482 1177

Sunnumörk 2
Hveragerði
Sími 483 4197

Selvogsbraut 41
Þorlákshöfn
Sími 483 3868

Apótekarinn+
– lægra verð

Aðalheiður Guðmundsdóttir húsmóðir – 100 ára Stórt heimili og allir velkomnir

Aðalheiður Guðmundsdóttir er fædd 18. desember 1922 að Ketilvöllum í Laugar- dal, Árn. Hún varð því 100 ára sl. sunnu- dag. Þegar Heiða, eins og hún er ávallt kölluð, var um fjögurra ára fluttist hún að Böðmósstöðum í sömu sveit með foreldrum og systkinum sínum. Barna- skólaganga hennar var ekki löng, 3-4 ár, en eins og tíðkaðist þá í sveitum landsins fór kennsla fram á heimilum. Kennari fór á milli bæja þar sem börnum var safnað saman frá nokkrum bæjum og kennt, svo- kölluð farkennsla. Heiða lauk fullnaðar- prófi við góðan orðstír.

Árið 1942 giftist hún Jóni frá Neðri- Dal í Biskupstungum. Hófu þau búskap þar þá um vorið og tóku við búinu af foreldrum Jóns. Fyrstu árin bjuggu þau í gamla bænum en í honum var eldað á hlóðum og voru olíulampar til lýsingar. Árið 1946 var byggt nýtt hús. Árið 1964 var íbúðarhúsið stækkað og árið eftir var ráðist í að leggja hitaveitu frá hvernem Sísjóðanda sem er í suðvesturhluta hverasvæðisins á Geysi. Jafnframt var þá byggð lítil sundlaug við bæinn. Önnur bylting í þægindum var þegar rafmagníð kom árið 1967.

Þegar Heiða rifjaði þetta upp sagði hún að mestu þægindin hefðu verið að fá þvottavél til þess að þvo allan fatnaðinn. Heimilið var stórt og mannmargt og var mikill gestagangur. Fyrir utan venjuleg bústörf sá Jón um að girða m.a. varnar- girðingar vegna sauðfjárveiki og enn fremur fyrir ýmsa aðila víða um land. Heiða fór gjarnan með í þessar ferðir og sá um matseld fyrir girðingarfólkið, sem voru synir þeirra hjóna og fleiri. Vin- sælustu og skemmtilegustu girðingar- ferðirnar voru á Hveravelli í lok júní ár hvert, en þá var gert við girðingu er liggur milli Langjökuls og Hofsjökuls. Þessar ferðir voru alltaf mjög vinsælar og komust færri með en vildu. Nutu þau hjónin dvalarinnar þar vel og kynntust fjölda fólks og voru bæði rómuð fyrir gleði og gestrisni í fjallaskúrnum.

Fjalladrottningin í rauða gallanum

Muna margir eftir Heiðu í rauða gallanum sínum, fjalladrottningunni. Grímur, bróð- ursonur Jóns segir: „Í sál okkar barnanna sem fæddumst á fyrri hluta síðustu aldar tókust á tveir heimar. Sveitin, þaðan sem



Fjölskyldumynd sem tekin var í 100 ára afmælisveislu Aðalheiðar. Mynd: Ármann Höskuldsson.

foreldrarnir komu og mölin þar sem fólk reyndi að temja sér lífshætti borgarbúans. Amma dró „búðarsokkana“ af blessuðu barninu og færði í þæfða ullarsokka um leið og komið var í sveitina. Spurði svo með mæðusvip hvort ysinn og æðibun- gangurinn í borginni væri ekki yfirþyr- andi. Sveitin var göfug en mölin svona og svona. En að koma í Neðri-Dal var annars eðlis. Þar bjó Jón frændi, bróðir pabba og hún Heiða hans með sína átta stráka sem mynduðu fullkominn tröppu- gang stilltu þeir sér upp til myndatöku. Í tíðum pílagrímsferðum margra Reykja- víkurfjölskyldna í Neðri-Dal, með sæg barna í eftirdragi, kom í ljós hver hafði töglín og hagldirnar þar á bæ. Í heimsókn til afmælisbarnsins á hjúkrunarheimilið fyrir nokkrum árum heyrði ég aftur þessa hljómmiklu rödd sem öllu stjórnaði: Nei er hann litli Grímur ekki kominn! Skila- boð Heiðu voru jafnan skýr og einföld: Þarna leggið þið frá ykkur fötin, þarna sofið þið, svona brjótið þið saman teppi o.s.frv. Á töflu í eldhúsinu var verkum skipt niður á milli strákanna átta: Eldhús, bakstur, fjósið, þvottar, saumaskapur. Sem sé ekki bara strákastörf heldur líka þau sem okkur á mölinni fannst tilheyr- a kvenþjóðinni. Man að þegar ég sá þá frægu kvikmynd Mary Poppins, þar sem barnaskaranum var stjórnað eins og lítilli herdeild, þá fannst mér ég hafa verið þarna, já hjá henni Heiðu í Neðri-Dal. Og

allir töluðu um þetta, enda óþekkt á þeirri tíð. Núna er ljóst að Heiða og Jón voru langt á undan sinni samtíð, ekki bara í uppeldismálum heldur mörgu öðru. Það sem okkur borgarbörnunum fannst þó merkilegast var að það var hægt að lifa án rafmagns, með kolaeldavél og olíulömp- um. Í minningunni frá þessum tíma lifir einhver hlýja og fjölskylduræktarsemi, eitthvað sem hefur sannfært mig um að við eigum að skrifa orðið fjölskylda með bandstriki, fjöl-skylda. Það nær betur stemningunni í kringum hana Heiðu og Jón í Neðri-Dal. Fyrir mörgum árum fékk ég leyfi þeirra hjóna til að ganga til rjúpnar með félaga mínum í Bjarnar- fell á fögrum vetrardegi. Heiða kvaddi okkur með þessum orðum: Ég vona að þið njótið útivistarinnar drengir og að þið hittið enga rjúpu!“

Árið 1996 flutti Heiða í eigið húsnæði á Selfossi. Hún dvelst nú á Fossheimum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hún naut samvista með sínu nánustu ættingjum á afmælisdaginn. Eiginmaður Heiðu var Jón Þ. Einarsson, f. 18.1. 1916, d. 5.11. 1993, bóndi. Foreldrar Jóns voru hjónin Einar Grímsson, f. 19.8. 1887, d. 16.12. 1950, og Kristjana Kristjánsdóttir, f. 24.8. 1886, d. 22.5. 1963. Þau voru bændur í Neðri-Dal.

Börn Heiðu og Jóns: 1) Birgir Bjarndal, f. 14.5. 1943, maki: Elín Sigurðar- dóttir, f. 27.2. 1941, d. 28.1. 2014, börn

2. Sambýliskona Birgis er Ásta Bjarna- dóttir, f. 1955;

2) Guðmundur Laugdal, f. 7.5. 1944, maki: Hólmfríður Halldórsdóttir, f. 21.6. 1945, börn 2;

3) Grímur Bjarndal, f. 25.6. 1945, maki: Sólveig Róbertsdóttir, f. 19.4. 1948, börn 4;

4) Kristján Bjarndal, f. 8.8. 1946, bú- settur á Selfossi, maki: Sigrún Jenseny Sigurðardóttir, f. 14.6. 1955, börn 5. Barnsmóðir Kristjáns, Ólöf Svana Samú- elsdóttir f.9.5.1944, d.6.9.2019;

5) Einar Bjarndal, f. 26.10. 1947, maki: María Titia Ásgeirsdóttir, f. 1.7. 1952. Fyrri maki: Guðlaug Pálsdóttir, f. 7.8. 1951, börn 2;

6) Heiðar Bjarndal, f. 19.11. 1948, maki: Kolbrún Svavarsdóttir, börn 4.;

7) Þráinn Bjarndal, f. 1.2. 1950, maki: Anna Soffía Björnsdóttir, f. 10.11. 1953, börn 3;

8) Björn Bjarndal, f. 16.1. 1952, maki: Jóhanna Fríða Róbertsdóttir, f. 22.2. 1953, börn 2.

Afkomendur Heiðu eru 90. Systkini Heiðu eru 14 og eru tvö þeirra á lífi þau Ragnheiður, f. 29.3. 1931, og Hörður, f. 30.1. 1936, en hin eru látin:

Foreldrar Heiðu voru hjónin Guð- mundur Ingimar Njálsson, f. 10.7. 1894, d. 18.11. 1971, bóndi og Karólína Árna- dóttir, f. 20.11. 1897, d. 25.3. 1981, hús- freyja á Böðmósstöðum.



Systkinin Aðalheiður og Hörður. Mynd: Ármann Höskuldsson.



Synir Aðalheiðar og tengdadætur sem áttu kost á því að vera í afmælinu. Mynd: Ármann Höskuldsson.

„Lítil netverslun með stórt hjarta“

Davíð Kjartansson, Skákmeistari- og Hraðskákmestari Reykjavíkur 2022 ólst upp á Djúpavogi en hefur búið á Kirkjubæjarklaustri, Höfn í Hornafirði, Reykjavík, Sviss og nú í Hveragerði svo það má segja að Suðurland hafi alltaf átt stóran part af honum. „Ég byrjaði að tefla 5 ára gamall. Það voru pabbi og afi minn sem kenndu mér mannganginn. Eftir gæslu í skólanum þegar ég var 6 ára voru skákæfingar sem ég laumaði mér á með bekkjarfélaga mínum. Stuttu seinna var haldið skákmót þar sem ég lenti í öðru sæti og fékk mína fyrstu medalíu. Ég man tilfinninguna eins og það hefði gerst í gær hvað ég varð glaður og ánægður. Á þessum tíma rann það upp fyrir foreldrum mínum að ég ætti kannski að byrja að æfa skák. Í framhaldinu fékk ég þjálfara og byrjaði að vinna markvisst af því að bæta mig.“

Yndislegt sport sem þjálfar rökhusun og einbeitingu

Davíð opnaði vefverslunina skakbudin.is sumarið 2021. „Skákubúðin er hugmynd sem ég var búin að vera með í hausnum í mjög langan tíma. Hér í eina tíð var skákubúð við Hlemm, síðan hefur þetta alltaf verið á þvælingi milli stórverslanna og spilabúða. Það hefur aldrei verið til neinn staður sem hægt er að fá faglega aðstoð hvað varðar skákvörur og hægt að kaupa skákkennslu á sama stað. Það var líka vonlaust að kaupa vönduð skáksett og taflborð hér á landi. Það var mikil vöntun á sérverslun með þessa hluti því skák er fyrir alla og þá meina ég alla! Þetta er ein af fáum íþróttum þar sem kyn, líkamsburðir, aldur, hæð, fötlun og þar frameftir götunum skiptir litu sem engu máli. Skák er jafnvel hægt að tefla blindandi! Okkur skákmönnum finnst skákin vera hálfgerð þjóðarsport því það kann nánast hvert einasta mannsbarn mannganginn og þetta gengur milli ættliða. Gömul taflborð og skákbækur erfast. Þetta er yndislegt sport sem þjálfar rökhusun og einbeitingu enda margir af fremstu íþrótta- og fræðimönnum í heiminum sem tefla reglulega til að þjálfa þennan anga.“

Eftir að hafa horft á Queens Gambit á Netflix í foraldrinum þótti Davíð ekkert annað í stöðunni en að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd þrátt fyrir allskonar höft og skort á hráefni til að smíða taflmenn víðsvegar í heiminum. „Með herkjum tókst þetta þá á endanum og Skákubúðin opnaði formlega á netinu í júní 2021. Það tekur alltaf tíma að koma þessu á laggirnar og myndi ég segja að í desember í fyrra hafi hún verið komin með mjög gott vöruúrval sem stækkar og stækkar. Mér fannst vanta einn góðan stað þar sem hægt væri að fá

faglegar ráðleggingar við val á taflmönnum og taflborðum sem og skákkennslu því spurningar eru oft margar.“

Þakklátur fyrir jákvæð viðbrögð

„Skákubúðin er fyrir alla, skák er fyrir alla. Byrjendur á öllum aldri hafa haft samband sem vilja byrja að tefla, ömmur og afar sem vilja kaupa taflsett handa barnabörnum, vinnustaðir, hótél, skólar, leikskólar, í sumarbústaðinn, bara nefndu það. Það er svo jákvætt að sjá hvað skákin er að vaxa og fólk er að átta sig á hvað þetta er holl heilaleikfimi. Svo er fallegt taflborð og taflmenn algjört stofudjásn.“

Davíð segir viðbrögðin við Skákubúðinni hafa verið ótrúlega jákvæð. „Ég er ég afar þakklátur fyrir það. Það tekur alltaf tíma að koma sér á kortið en ég sé að það er alltaf að bætast í og fólk að átta sig á að Skákubúðin sé til. Fólk kann líka afskaplega vel að meta góða og faglega þjónustu því oft er fólk að taka sín fyrstu skref í skákinni. Hafandi verið í skák nánast allt mitt líf og teft með öllum mögulegu settum út um allan heim þá get ég gefið fólki góðar leiðbeiningar bæði varðandi töfl og svo kennslufni í skák. Við erum ennþá lítil netverslun með stórt hjarta. Það eru allir velkomnir til okkar og fátt sem gleður okkur meira en að sjá taflsett fara inn á heimili víðsvegar um landið. Einbeitingin og rökhusunin hjálpar okkur í námi, leik og starfi.“

Ákveðin kynslóðaskipti í gangi Davíð finnst að skák ætti að vera skyldufag í skólum. „Svo mikla trú hef ég á ávinningnum. Ég hef líka séð hvað skákin hefur hjálpað mörgum að bæta sig á öðrum sviðum. Því miður hefur verið lægð hér á Suðurlandi í skákkennslu bæði hjá börnum og fullorðnum. Ég vona að það sé að breytast og miðað við það góða starf sem Skákfélag Selfoss og nágrennis er að vinna býst ég við aukn-



ingu hjá börnum og unglingum. Það eru ákveðin kynslóðaskipti í gangi sem býr til helling af tækifærum til að efla skákina enn frekar á Suðurlandi.

Suðurlandsmótið hefur verið haldið undanfarin þrjú ár með miklum sóma, öll í mismunandi bæjarfélögum. Það þarf að gera skákina og æfingarnar sýnilegri og reglulegri. Þannig fjölga iðkendum fyrir.“

Skákubúðin hefur tekið að sér einkakennslu á netinu fyrir áhugasama og hefur það lukkast virkilega vel og sér Davíð mörg tækifæri þar fyrir Sunnlendinga. „Það væri frábært að sjá skákkennslu í sem flestum skólum sem valfag. Skákubúðin var fengin til að halda skáknámskeið í vetur í Fischersetrinu fyrir 10-16 ára. Það lukkaðist ótrúlega vel og væri gaman að halda því samstarfi áfram við skákfélagið. Gaman væri að halda fleiri skáknámskeið á fleiri stöðum á Suðurlandi,“ segir Davíð.

Eitt ódýrasta sport sem hægt er að stunda

„Skákubúðin er fyrst og fremst netverslun en ekkert mál að nálgast vörurnar í Hveragerði eða hafa beint samband við mig ef það vakna einhverjar spurningar. Við erum á öllum helstu samfélagsmiðlum og með heimasíðuna www.skakbudin.is. Hvet alla til að kíkja og skoða góðar jólagjafir. Skákvörur eru nefnilega frábregðar öðrum íþróttum af því að það þarf bara að kaupa þetta einu sinni. Það eru engar uppfærslur í skák eða ný módel. Skák er klassísk og tímalaus sem gerir þetta að einu ódýrasta sporti sem er hægt að stunda.“



Sendum félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskeiðjur.

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

www.fit.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnarþjónustan Heyrn óskar öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar, heyrumst á nýju ári.

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - heyrn.is

Sveitarfélagið Ölfus
auglýsing á deiliskipulagstillögu.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum þann 14. desember eftirtalda skipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt 13 og 14

Breytingin heimilar aukna útbyggingu, í samræmi við ákvæði nýs aðalskipulags. Stærð byggingar á reit fyrir íbúðarhús var að hámarki að 400 fermetrar en verður allt að 800 fermetrar. Einnig er hámarks stærð frístundahúss aukin úr 150 fermetrum í 200 fermetra og hámarksstærð bygginga til landbúnaðarnota aukin úr 800 fermetrum í 1200 fermetra.

Gljúfurárholt 13 og 14, breyting á deiliskipulagi

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 21. desember 2022 til 2. febrúar 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með bréfpósti fyrir lok vinnudags þann 2. febrúar 2023 á heimilisfangið: Skipulagsfulltrúi, Bæjarskrifstofa Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Íþróttir

Sjö frá Selfossi í úrvalshópum KKÍ

Eínir 7 drengir úr yngri flokkum Selfoss hafa verið valdir til æfinga með úrvalshópum KKÍ nú yfir jólahátíðina, 3 í U16 ára hópinn og 4 í U18 ára hópinn. Eftir áramót verða hóparnir „skornir niður“ og æft með hléum fyrir sumarið. Verkefnin eru NM í Finnlandi og EM hjá U16 liðunum og NM í Svíþjóð og EM hjá U18 ára liðunum. Það eru um 30 leikmenn í hverjum af þeim 8 æfingahópum sem KKÍ sendir í keppnir sumarið 2023 og verður spennandi að sjá hvort ekki verða einhverjir Selfyssingar þar á meðal. Eins og kunnugt er átti Selfoss 4 leikmenn í landsliðum sl. sumar, en hætt er við að róðurinn verði þyngri nú fyrir landsliðsmenn liðins sumars, þegar þeir eru komnir upp í U18, og á fyrsta ári þar af þremur.

Það er mikil viðurkenning fyrir yngriflokkastarfið í jafn litlu félagi og Selfoss-Karfa er að eiga þetta marga fulltrúa á þessum vettvangi – en auðvitað fyrst og fremst ánægjuleg viðurkenning fyrir þessa leikmenn og hvatning fyrir þá, og alla aðra, að halda áfram að æfa af kappi og metnaði hér eftir sem hingað til.

Til lukku, drengir!

Selfoss karfa



Birkir Hrafn, Tristan Máni og Ari Hrannar spiluðu með U16 landsliðinu sl. sumar. Mynd: Selfoss karfa

Yngriflokkaleikmenn í úrvalsbúðum KKÍ

Nafn	Árg.	Lið
Fjöltnir Þór Morthens	2007	U16 drengja
Hafþór Elí Gylfason	2007	U16 drengja
Pétur Hartmann Jóhannsson	2007	U16 drengja
Ari Hrannar Bjarmason	2006	U18 drengja
Birkir Hrafn Eypórsson	2006	U18 drengja
Styrmir Jónasson	2005	U18 drengja
Tristan Máni Morthens	2006	U18 drengja



Páll synti 36,3 km í nóvember

Landsátakið „Syndum“ stóð yfir dagana 01. - 30. nóvember í Árborg líkt og hvert ár.

Góða þáttakta var hjá gestum Sundhallar Selfoss í áttinu og skráðu þeir vegalengd sína á blöð í afgreiðslu, einnig var hægt að skrá þáttöku á vefsíðunni www.syndum.is.

Einn fastakúnni var samt fremstur meðal jafningja og

það var hann Páll G. Sigurbórson hann mætti alla daga í nóvember og synti samtals 36,3 kílómetra. Þess má geta að Páll er fæddur á því herrans ári 1938 og er því 84 ára gamall.

Sundhöllin færði Páli smá þakklætisvott fyrir þáttökuna þegar hann mætti til að taka nokkar ferðir í innilauginni.

HSK-met í grindarhlaupi

Anna Metta Óskarsdóttir 12 ára setti HSK-met í 60 metra grindarhlaupi í flokki 12 ára á Minningarmót Ólivers á Akureyri þann 4. desember síðastliðinn. Anna Metta hljóp á 10,68 sek. og var í öðru sæti í hlaupinu. Hún vann til fimm verðlauna á mótinu HSK



Lífið er lærdómur

Þetta hefur verið gott ár. Þetta er árið þegar allt fór í gang á ný eftir heimsfaraldur. Við í ungmennafélagshreyfingunni vorum yfir okkur ánægð að halda ljómandi gott Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina síðustu. Mótið tókst vel, þátttakendur kátir, fjölskyldurnar skemmtu sér þar saman frá morgni til kvölds í fjölmörgum íþróttagreinum og á tónleikum auk annarrar afþreyingar á meðan mótinu stóð.

Það er gott að vinna með öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning Unglingalandsmótsins undir merkjum Hér- aðssambandsins Skarphéðins (HSK) í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg. Hjá HSK er reynslufólk sem kann til verka við að gera gott mót enda hefur það komið að fjölmörgum verkefnum UMFÍ í gegnum árin. Við öll sem vinnum innan íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar verðum að muna að kenna næstu kynslóð sem mun taka við keflinu af okkur. Mikilvægt er að kunna að flytja þekkinguna áfram á milli kynslóða svo við



höldum áfram að læra og gera betur en áður.

Við vinnum sleitulaust að því að gera betur, læra meira og styrkja okkur. Í nærumhverfi UMFÍ hafa verið tekin stór skref sem bæta íþróttar- og ungmennafélagshreyfinguna á landsvisu. Fyrir þremur árum bættust þrjú íþróttabandalög við UMFÍ og nú undir árslok varð Íþróttabandalag Hafnarfjarðar að sambandsaðila UMFÍ. Við það eru öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Samstarf ÍSÍ og UMFÍ hefur jafnframt aukist verulega síðustu misserin og var stórt skref stigið

í þá átt í haust þegar þjónustumiðstöð UMFÍ flutti í Íþróttamiðstöðina við Laugardalinn. Þetta styrkir samlegðaráhrif íþróttahreyfingarinnar verulega og eykur kraft hennar fyrir samfélagið.

Ungmennabúðir á Laugarvatni

UMFÍ hefur ávallt staðið sterkum fótum á Suðurlandi. Þetta er sá hluti landsins þar sem UMFÍ var stofnað á sínum tíma, á Þingvöllum í byrjun ágúst árið 1907. Við erum því þar á gömlum grunni. Nokkur ár eru líka liðin síðan við fluttum Ungmennabúðir UMFÍ frá Vesturlandi að Laugarvatni. Starfsemi Ungmennabúðanna er í gömlu íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni. Við endurnýjuðum húsið í samstarfi við sveitarstjórn og starfsfólk Bláskógabyggðar.

Í Ungmennabúðir UMFÍ koma nemendur 9. bekkjar grunnskóla af öllu landinu og er húsnæðið fullt allt skólaárið og komast færri að en vilja. Þar er áhersla lögð á óformlegt nám og útivist, þátttöku í samfélaginu, betri samskipti og leiðtogaþjálfun. Þar læra börnin marga

nýtt sem þau flytja með sér heim og byggja á til framtíðar.

Íþróttafélög og allir aðrir sem áhuga hafa geta leigt húsnæði Ungmennabúðanna utan háannatíma, um helgar og á sumrin og öðrum tímum þegar skólastarf er ekki í gangi. Þannig nýtist húsið forystufólki í íþróttahreyfingunni, deildum íþróttafélaga, félagsmönnum og iðkendum og öllum sem vilja miðla af reynslu sinni, bæta þekkingu íþróttafólks og flytja þekkingu áfram. Með því að gera húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni að miðstöð

þekkingar og fræðslu þá höldum við áfram að læra. Þau sem leita eftir þaki undir fræðslustarf sitt, vilja bæta íþróttastarfið fyrir deildina eða félag sitt geta haft samband við okkur í þjónustumiðstöð UMFÍ og saman getum við gert gott starf enn betra.

Ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Með ungmennafélagskveðju og þökkum fyrir árið sem er að líða.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.



Lið HSK á unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi í sumar. Mynd: UMFÍ



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar

📍 Eyraðegi 25, 800 Selfoss

📞 482 1944

✉ selfoss@prentmetoddi.is

🌐 prentmetoddi.is



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

verður lokað um jól og
áramót. Opnum aftur
fim. 12. janúar 2023.

Stjórn félags eldri-
borgara á Selfossi óskar
félagsmönnum sínum
gleðilegra jóla, árs og
friðar.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Járningar

Tek að mér járningar á
Suðurlandi frá og með
1. janúar. Vönduð og góð
vinnubrögð. Frekari upp-
lýsingar, Guðjón Sigurliði
s. 661 1880.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Hátíðarguðsþjónustur í
Árborgarprestakalli
Verið velkomin til kirkju á helgum
jólum.

Aðfangadagur 24. desember
Selfoskirkja - Aftansöngur kl.
18:00 / Miðnæturguðsþjónusta
kl. 23:30
Stokkseyrarkirkja - Aftansöngur
kl. 18:00
Eyrarbakakirkja - Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30

Jóldagur 25. desember
Hraungerðskirkja - Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00.
Laugardælakirkja - Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:00.
Gaulverjabækirkja - Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00.

Annar dagur
jóla 26. desember
Villingaholtskirkja - Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00
Ljósheimar - Helgistund kl. 13
Móberg - Helgistund kl. 14

Gamlársdagur 31. desember
Selfoskirkja - Guðsþjónusta kl. 17:00

Guð gefi öllum gleðilegra og
friðsæla jólahátíð og farsælt
komandi ár.

Þorláksskirkja

Aftansöngur á aðfangadag, 24.
desember kl. 18:00. Hátíðartón
sr. Bjarna Þorsteinssonar verður
sungið. Kór Þorlaks- og Hjalla-
kirkju syngur undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista og sóknar-
prestur þjónar.

Hjallakirkja í Ölfusi

Hátíðarguðsþjónusta á annan
dag jóla, 26. desember kl. 13:30.
Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteins-
sonar verður sungið. Kór Þor-
laks- og Hjallakirkju syngur undir
stjórn Esterar Ólafsdóttur, org-
anista og sóknarprestur þjónar.

Hrunakirkja

Hátíðarmessa kl. 13 á jóladag
25. des.



Selfoskirkja

Syngdu með okkur inn jólin.
Opin söngstund með kirkjukór
Selfoskirkju 22. des. kl. 19:30.
Allir velkomnir.

Stóra-Núpskirkja

Ljósamessa kl. 22 á jóladags-
kvöld 25. des. Aftansöngur á
gamlársdag, 31. des. kl. 16.

Ólafsvallakirkja

Hátíðarmessa kl. 11 á jóladag
25. des.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 24. des-
ember. Aftansöngur kl. 16.

31. des. biblíulexiur kl. 11 og
guðspj. kl. 12, með prédikun
hefur Eric Guðmundsson. Guð
gefi ykkur öllum gleðilega hátíð.

Strandarkirkja í Selvogi

Hátíðarguðsþjónustur á annan
dag jóla, 26. desember kl. 15:00.
Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteins-
sonar verður sungið. Kór Þor-
laks- og Hjallakirkju syngur undir
stjórn Esterar Ólafsdóttur, org-
anista og sóknarprestur þjónar.

Hrepphóla kirkja

Jóla kirkjuskóli á aðfangadag kl.
11. Jóna Heiðis og sr. Óskar
leiða stundina. Miðnæturmessa
á aðfangadag kl. 23.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Nudd
gjafabréf

Góða verðið á nuddi og
gjafabréfum verður til
áramóta Uppl. í 822 0727
og gunnar@dao.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

Kr verður að Krónunni

Krónan hefur ákveðið að
breyta Kr.- verslunum
sínun á Þorlákshöfn og í Vík í
Mýrdal í Krónuverlanir. Þetta
felur í sér verðbreytingar á
ákveðnum vöruflokkum frá og
með 15. desember. Á nýju ári
mun merkingum í verslun einnig
verða breytt ásamt því að sjálfs-
afgreiðslulausnin Skannað og
skundað verður innleidd. Þessi
breyting er liður í vegferð Krón-
unnar að styrkja sig í sessi utan
höfuðborgarsvæðisins og að
koma réttu vöruúrvali í hendur
viðskiptavina á eins ódýran hátt
og mögulegt er.

Guðrún Aðalsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri Krónunnar,
segir það mikilvægt fyrir Krón-
una að geta rekið sínar verslanir
undir einu vörumerki. „Okkar
loforð er að koma réttu vöruúr-
vali á sem ódýrasta hátt til við-
skiptavina. Við viljum einnig
að viðskiptavinir okkar upplifi
Krónuandann óháð staðsetn-



Krónan í Vík.

ingu.“ Þá segir hún ákvörðunina
líka flýta fyrir snjöllum lausnum
á þessum stöðum. „Við erum
spennt að sjá hvernig verður
tekið í Skannað og skundað sem
er nýja sjálfsafgreiðslulausnin
okkar. Með henni er hægt að
spara heilmikinn tíma við inn-
kaupin og einfalda lífið á ýmsan
máta.“

Ingólfur Árnason, verslunar-
stjóri í Þorlákshöfn, segir fólk



Krónan í Þorlákshöfn.

spennt fyrir breytingunni. „Við
reiknum með að heimamenn
sæki meira til okkar en birgi
sig ekki upp í borginni eða ná-
grannabæjum, sem er ekki að-
eins hagkvæmt fyrir viðskipta-
vini heldur einnig umhverfis-
vænna. Við búumst því við
söluaukningu í versluninni og
hlökkum til að sjá breytinguna
ganga í gegn.“

Gróðurhúsið fagnar eins árs afmæli

Gróðurhúsið í Hveragerði fagnar eins árs afmæli núna í desember. Í Gróðurhúsinu kennir ýmissa grasa en auk þess að hýsa glæsilegt hótél og nýju rakarastofuna „Lord Rakari“, er þar að finna mathöll með veitingastöðunum Hipstur, Taco Vagninn, Punked Fried Chicken, Yuzu borgara og Wok-on, Nýlendubar Kormáks og Skjaldar, Ísbúðina Bongó, Kaffihús og verslanirnar Epal, Kormák og Skjöld, Me og Mu og Ramma-gerðina sem eru opnar allan sólarhringinn.

Gróðurhúsið opnaði rétt fyrir jólin á síðasta ári og þá í miðju Covid fári sem er óhætt að segja að hafi valdið eigendum töluverðum áhyggjum, enda búið að leggja mikla fjárfestingu í verkefnið og nánast engir útlendingar á landinu. En viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og þar voru íslendingar í fararbroddi sem tóku staðnum opnum ormum og voru duglegir að nýta sér þær vörur og þjónustu sem staðurinn hefur upp á bjóða svo sem mathöllina og verslanirnar.

Þrátt fyrir Covid var hótélherbergjanyting góð fyrstu mánuðina þó að erlendir ferðamenn væru sjaldséðir. Það var svo sumarið 2022 sem þeir tóku að streyma til landsins og samsetning gesta hótelsins breyttist umtalsvert. Sumarið var gífurlega

gott og herbergjanyting var vel yfir 90% sem voru mestmegnis erlendir ferðamenn. Haustið hefur skapað meira jafnvægi á milli erlendra ferðamanna og íslendinga, sem vilja gera sér dagamun í skammdeginu.

Gróðurhúsið hefur ávallt lagt mikla áherslu á sjálfbærni og er í vottunarferli fyrir BREEAM vottun, sem er eitt víðtækasta og þekktasta vistvottunarkerfi fyrir byggingar í heiminum í dag. Mikil áhersla er því lögð á að stjórnun og rekstur hótelsins sé eins vistvænn og frekast er unnt.

Í tilefni afmælisins hefur Gróðurhúsið verið að bjóða upp á sérstök afmælistilboð á gjafabréfum í gistingu. Þá er einnig boðið upp á sérstakan jólamatseðil í mathöll Gróðurhússins

auk þess sem sérstök jóladagsskrá er allar helgar í desember. Þá hefur Gróðurhúsið hafið samstarf við 3. flokk Hamars í knattspyrnu sem sjá um jólatrésölu allar helgar í desember.

Á árs afmælinu bætir Gróðurhúsið enn vöruúrvalið sitt og núna í desember bætist Ramma-gerðin við með 66N vörur inn í verslunarhlutann. Þetta er í fyrsta skipti sem verslun með 66N vörur opnar í Hveragerði og nágrenni. Þá hefur rakarastofan „Lord Rakari“ einnig komið sér fyrir í Gróðurhúsinu og býður upp á hár- og skeggsnyrtingu í einstaklega skemmtilegu umhverfi og er án efa eina rakarastofan í heiminum sem hefur aðsetur í Gróðurhúsi.



Valgarð Sörensen og Brynjólfur Baldursson, eigendur Gróðurhússins.

Sigurvegarar í jólakeppnum Dagskrárinnar

Í ár var fjöldinn allur af myndum í sem bárust ritstjórn Dagskrárinnar í Jólamyndakeppninni og átti dómnefndin í stökustu vandræðum með að velja úr öllum þeim fjölda fallegra og jóla- legra mynda sem okkur bárust. Að lokum fór þó svo að Hallgrímur P. Helgason bar sigur úr býtum með myndinni sem prýddi forsíðu blaðsins í síðustu viku en í öðru sæti var mynd Birkis Péturssonar úr miðbæ Selfoss og í því þriðja var mynd frá Ingu Heiðu Andreasen Heimisdóttur af snjóþungum Bankaveginum á Selfossi. Hallgrímur fær að launum glæsilega Canon EOS M50 Mark II spegillausa myndavél með EF-M 15-45mm linsu frá Origo og árs- aðild að Ljósmynda- klúbbum Bliki. Þau Birkir og Inga Heiða fá að auki ársaðild í Ljósmyndaklúb- inn Blik. Í Jólasögu- keppninni var það Hrefna Daníelsdóttir sem hreppti hnossið með hugljúfu jóla- sögunni um Baxter og Bessu Mjöll og fær hún veglega bóka- gjöf frá Bókakaffinu í verðlaun. Við óskum þeim öllum innilega til hamingju.



Hamar auglýsir eftir þjálfara fyrir 5. flokk karla



Hamar auglýsir eftir þjálfara fyrir 5. flokk karla sem getur hafið störf sem fyrst. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjálfun barna og hafi sótt þjálfaranámskeið hjá KSÍ. En öllum er frjálst að sækja um.

Hamar er staðsett í Hveragerði og rekur metnaðarfullt yngri flokka starf fyrir stóran hóp iðkenda. Leitað er að metnaðarfullum þjálfara sem er tilbúinn að taka þátt í uppbyggingu félagsins.

Áhugasamir geta sótt um með því að senda tölvupóst með ferilskrá á Unnar Magnússon, netfang: unnar20@outlook.com. En þar er einnig hægt að nálgast frekari upplýsingar um starfið.

Mbk,
Unnar Magnússon
Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Hamars

Nýr Goðasteinn kemur út í febrúar

Guðjón Ragnar Jónasson var í byrjun nóvember ráðinn ritstjóri Goðasteins, en leitin að nýjum ritstjóra tók lengri tíma en áformað var. Nýr Goðasteinn kemur því út í byrjun febrúar.

Goðasteinn nýtur mikillar velvilðar í héraði og mýmargir hafa léð efnisöfluninni í blaðið lið.

Ekki má heldur gleyma þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styrkt hafa útgáfuna og ljóst má vera að Rangæingum nær og fjær er hugað um að halda útgáfu Goðasteins áfram. Í huga þeirra sem standa að útgáfunni fer því fjarri að eitthvert haust- hljóð sé komið í vindinn.



HSU, heilsueflandi vinnustaður

HSU hefur hefur hlotið titilinn heilsueflandi vinnustaður, samkvæmt Embætti landlæknis.

Heilsuefling á vinnustöðum er sameiginlegt verkefni vinnuveitenda, starfsmanna og samfélagsins alls og miðar að því að bæta heilsu og líðan vinnandi fólks.

Með heilsueflingu á vinnustöðum er stefnt að því að bæta vinnuskipulag og vinnuumhverfi, hvetja til virkrar þátttöku og stuðla að áframhaldandi þroska einstaklingsins. Heilsueflingu á vinnustöðum er ætlað að efla mannauð vinnustaða með bættri heilsu og líðan.



Kvenfélögin á Suðurlandi gefa til HSU

Þann 29. nóvember 2022 komu formenn kvenfélaga á Suðurlandi ásamt formanni Sambands Sunnlenskra kvenna (SSK) í heimsókn á HSU. Til efnið var að þakka þeim sérstaklega fyrir gjafir sem þau gáfu á Covid tímabilinu.

Í upphafi Covid var mikil óvissa um hvernig allt myndi þróast, hvort rými myndu fyllast og hversu vel við gætum annast veika fólkið okkar. Erfiðar fregnir bárust utan úr heimi um fjölgun sjúklinga í öndunarvélum og innliggjandi á gjörgæslum. Bregðast þurfti hratt við og Samband Sunnlenskra kvenna brást hratt við og gaf sýrefnismettunarmæla til stofnunarinnar. Mælar þessir voru nýttir til að fjölga sýrefnismettunarmælum á heilsugæslum og í sjúkrabílum og nýta þá í heimahúsum hjá skjólstæðingum til að halda fleirum utan sjúkrahúss.

Í desember 2021 gáfu Kvenfélögin einnig tæki sem mælir bilirubin hjá nýburum og metur hvort nýburagula er til staðar. Bilirubin getur þakkað eftir fæðingu og nauðsynlegt að geta



mælt það og brugðist við. Það er hættulegt heilsu barnsins að fara upp í há gildi. Hægt er að mæla þetta efni í blóði og á húð. Mikill ávinningur er að geta mælt nýbura gegnum húð þar sem það er sársaukalaust, hratt og áreiðanlegt ferli fyrir nýfædda barnið og foreldrar þess.

Að auki brugðust SSK konur hratt við þegar gulumælir ljósmæðravaktarinnar á Selfossi reyndist ónýtur og gáfu deildinni nýjan mæli. Þessi mælir er mikið notaður og gagnast mörgum nýfæddum börnum á Suðurlandi.

Kvenfélögin hafa í gegnum

árin verið ómetanlegur og sterkur bakhjarl HSU og verður seint fullþakkað fyrir þeirra framlag. Þær hafa t.d. síðan 2010 þrjónað og gefið öllum nýfæddum Sunnlenskum börnum ungubarnahúfur. Það verkefni hófst hjá Kvenfélagasambandi Íslands á landsvísi en kvenfélagskonur hér á Suðurlandi ákváðu að halda því áfram með kærleika því þær fundu fyrir innilegu þakklæti þiggjenda og hafa gefið á bilinu 100-150 þrjónamuni árlega.



Stíffilosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is



HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI
SELFOSI
482-3800

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT


Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Hjólbarðabjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting
og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú pantað
ljósmyndaprentun í
öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Þípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is